

Nd.

1003. Nefndarálit

[359. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það er engin lausn á vandamálum ríkisbankanna að gera þá að einkabönkum eins og stefnt er að með frumvarpi þessu. Þvert á móti er ljóst að íslenskir atvinnuvegir og almenningur þurfa að hafa sterka ríkisbanka sem hafa víðari sjóndeildarhring en hið lokaða einkabankakerfi þar sem ekki er unnt að koma við neinu lýðræðislegu aðhaldi.

Stjórnkerfi ríkisbankanna er hins vegar allt of veikt. Þess vegna væri edlilegra að svara þeim vandamálum sem sköpuðust í Útvegsbankanum með því að opna stjórnkerfi bankanna og tryggja þeim lýðræðislegt aðhald. Það mætti gera með því í fyrsta lagi að koma hér á almennum yfirheyrslum yfir ríkisstofnunum á vegum þingnefnda eins og lengi hefur tíðkast í Bandaríkjunum með góðum árangri og í öðru lagi með því að skylda bankana til þess að birta yfirlit um stærstu viðskiptamenn bankans reglulega og í þriðja lagi með því að setja reglur um að útlán bankanna til einstakra fyrirtækja fari aldrei fram úr tilteknu hlutfalli af eiginfjárstöðu.

Undirritaður er andvígur því frumvarpi sem hér liggur fyrir af þeirri grundvallarástæðu að frumvarpið mun ef að lögum verður opna fyrir eignaraðild útlendinga að íslenska bankakerfinu. Fram kom í viðtali við bankastjóra Útvegsbankans í morgun að danskur banki hefur lýst áhuga sínum á því að kaupa sig inn í Útvegsbankann og þar með að kaupa sig til áhrifa í íslenska bankakerfinu á ný. Má segja að það varpi skýru ljósi á grundvallaratriði þessa máls að danskir bankar skuli sýna áhuga á því að kaupa sig inn í bankakerfið á nýjan leik. Hér er komið að meginatriðinu í efnahagslegu sjálfstæði þjóðar, þ.e. því hvort útlendingar hafa hér úrslitatök í efnahags- og atvinnulífi.

Meginástæðurnar fyrir andstöðu undirritaðs við frumvarpið um að gera Útvegsbankann að hlutafélagsbanka eru þessar:

1. Frumvarpið opnar útlendingum aðild að bankakerfinu á Íslandi.
2. Frumvarpið markar fyrsta skrefið á þeirri leið að afnema þjóðbankakerfið og að afhenda einkaaðilum þjóðbankana.
3. Í frumvarpinu er ekki tekið á skipulagsvandamálum bankanna.
4. Frumvarpið dugir ekki til þess að leysa vandamál Útvegsbankans. Lausafjárstaða hans er neikvæð um 1000 millj. kr. þó að nýtt fé upp á 1000 millj. kr. komi inn í bankann samkvæmt frumvarpinu.

Afstaða Alþýðubandalagsins hefur verið sú að það eigi að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann. Sú leið, sem valin er, er versta leiðin að allra mati, m.a. að dómi bankastjóra Seðlabankans.

Þá ber að gagnrýna ríkisstjórnina harðlega fyrir seinagang í þessu máli. Allt árið 1986 var bankinn látinn búa við óvissu þannig að hann fékk þá í sinn hlut 500 millj. kr. minna í innlánnum en ella hefði verið að mati bankastjóra bankans sem komu til fundar við fjárhags- og viðskiptanefnd í morgun.

Alþingi, 17. mars 1987.

Svavar Gestsson.